




Spennandi molar í jólapakkann

Gjafakort Þjóðleikhússins

Fílhökkun, upplifun og ógleymanlegar minningar!

Laugardalur, Háaleiti & Bústaðir

12. tölublað 18. árgangur Desember 2024



Fjölskyldu- og Húsdýragarðinum er upplýstur um þessar mundir, nánari upplýsingar um Ljósadalinn á bls. 2
Ljósmynd: Fjölskyldu- og Húsdýragarðurinn



HÚS
DÝRA
GARÐUR
INN
PARK & ZOO



Bættu smá heppni í jólapakkann!

Jólaprennurnar eru komnar í sölu



Happabrennan Skannaðu QR kóðann




SKAUTA
HÖLLIN
LAUGARDAL



SKAUTAHOLL.IS




MOSFELLSBAKARÍ

LJÚFFENGAR LAGKÖKUR FÁST Í MOSFELLSBAKARÍ

MOSFELLSBAKARI.IS

HÁHOLT 13-15

HÁALEITISBRAUT 58-60

Laugardalur, Háaleiti & Bústaðir

Útgefandi: Með oddi og egg ehf.
Sundlaugavegi 7 • 105 Reykjavík

Prentun: Landsprent
Dreifing: Póstdreifning

Auglýsingar: marg@heimsnet.is (Már) sími: 568 8862
Ritstjóri/Framkvæmdastjóri: Már Guðlaugsson, (ábm)
símar: 822 9688, 568 8862 • netfang: marg@heimsnet.is
Texti: Benóný Áegisson netfang: benaegis@simnet.is
Ljósmyndari: Simon Vaughan, simonvaughanljósmyndari.com

Í góðum málum hjá



Vantar málara ?
Ekkert mál.

Við komum og bjóðum í verkið
þér að kostnaðarlausu.

Jón. Sími: 6631343


Bjarki. Sími: 7758599

Málarameistari

jbmalun.is

jbmalun@gmail.com

jbmalun



Jóladalurinn ljósum prýddur í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum

Jóladalurinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum

Sannkallaður jólaandi hríslaðist um viðstödd þegar Jóladalurinn í Laugardal var formlega opnaður. Undanfarnar vikur hefur starfsfólk Fjölskyldu- og húsdýragarðsins sett upp jólaljós um allan garð svo ævintýri líkast er að ganga um garðinn í rökkrinu og heimsækja dýrin. Þau sem þora geta líka heimsótt sjálfan jólaköttinn.

Formleg opnun Jóladalsins í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum var með hátíðlegasta móti. Einar Þorsteinsson borgarstjóri flutti jólakveðju til borgarbúa og gesta og listskautahópur frá Skautafélagi Reykjavíkur lék listir sínar. Lúðrasveit Verkalýðsins skemmti og þá söng Jóhanna Guðrún

nokkur lög. Lalli töframaður hélt utan um dagskrána og á leið sinni frá innganginum að tjörninni gátu gestir rekist á kvartettinn Barböru og kynjaverur úr hugarheimi Brian Pilkington.

Frítt inn á kvöldin um helgar á aðventunni

Kvöldopnanir verða alla aðventuna líkt og undanfarin ár en opið verður til klukkan 20 föstudaga til sunnudaga frá 29. nóvember til jóla. Verkefnið Jólaland í Laugardalnum var kosið í hverfakosningum í fyrra og því býður „Hverfið mitt“ öllum að heimsækja jólaljósaskreyttan Fjölskyldu- og húsdýragarðinn frá

klukkan 17-20 föstudaga til sunnudaga á aðventunni. Hefðbundinn opnunartími er annars alla daga frá klukkan 10 til 17 og þá gildir hefðbundinn aðgangseyrir.

Á kvöldopnunum verður hægt að fara í hringekjuna, tónlist mun óma, matarvagnar verða á staðnum fyrir svanga gesti og drykkir og notalegheit í veitingaskálanum. Ratleikur fyrir alla fjölskylduna verður aðgengi- legur í gegnum smáforritið Húsdýragarður – viskuslóð sem finna má í snjallverslunum snjalltækja. Hundaeigendum sem hafa skráð sína hunda hjá sínu sveitarfélagi er boðið að taka besta vininn með í kvöldheimsókn.

PALLI VAR EINN Í HEIMINUM



SÝNINGAR Í HÖRPU



FARMASÍA

APÓTEK
SUÐURVERI

LÆGRA LYFJAVERÐ
511 0200

VERIÐ VELKOMIN
EINKAREKIÐ APÓTEK Í ALFARALEIÐ
OPIÐ FRÁ ÁTTA TIL ÁTTA

Laugardaga frá 10:00-18:00
Sunnudaga frá 13:00-18:00

Jólaeveðja frá Klúbbsnum Geysi



Styrktarfélag Klúbbsins Geysis er vinnustaður fyrir fólk með geðrænar áskoranir. Klúbbsurinn hefur starfað í 25 ár og unnið mikið og metnaðarfullt starf í þágu geðsjúkra á Íslandi.

Um jól er ávallt mikið um dýrðir og reynt að efla kærleiksboðskap jólanna með ýmsu móti. Að vanda eru einnig haldnar veislur og boð til þess að brjóta upp daginn í skammdeginu og að sjálfsgöðu er húsið skreytt hátt og lágt með ljósum og skrauti.

Árleg jólaveisla klúbbsins var haldin 5. desember síðastliðinn. Þá var boðið upp á hamborgarhrygg sem hefur verið styrkur frá Ali til klúbbsins síðastliðin 20 ár. Síðan verða litlu jólin laugardaginn 14. desember. Þá er boðið

upp á hangikjöt og uppstúf en þá höfum við einnig fengið gest til þess að flytja hugvekj. Allir fá svo einn jólapakka í lokin. Skötuveislan er svo á Þorláksmessu til þess að viðhalda þjóðlegum ilmtöfrum kræsingarinnar.

Ef við megum nota tækifærið til að þakka fyrir stuðninginn um jólin, auk Ali þá er það Innes og Ölgerð Egils Skallagrímssonar og Fiskbúðin Þjóðbjörg í Mjóddinni. Um leið og við óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári viljum við minna á að hægt er að styrkja klubbinn með því að leggja inn á reikning klúbbsins: 0101-26-010009, kennitala 5010972259.

Jóla- og nýárskeiðjur,
Félagar og starfsfólk Klúbbsins Geysis



Við eigum frábært úrval af flottum yfirhöfnum í stærðum 38-58

belladonna

Dalvegi 30 • sími 517 6460 • www.belladonna.is



Jólasveinabúningar

Höfum framleitt jólasveinabúninga á íslenska atvinnujólasveina í 39 ár og erum enn að. Seljum einning stök skegg og húfur með hári.

TAUPRENT

Sími: 845 2510 • Facebook: jólasveinabúningar einn og átta

JÓLABORGARI

2.825 KR

Kjúklingalæra kjöt með sinnepsösu, káli, karamellisruðum og sultuðum lauk, rífsberjasultu, frönskum og 0,5l gosi

McCain Kjúklingastaðurinn

★ Suðurveri ★

Við erum hér!

Kringlan

HALLDORA

www.halldora.com

Íslensk hönnun um jólin
skór, veski & fylgihlutir



HÁVAÐI SKAÐAR HEYRNINA ...líka flugeldar



**VERÐ FRÁ
3.800 KR.**

Verndaðu heyrnina á meðan þú hefur hana

Þjóðum fjölbreytt úrval bæði af stöðluðum og sérsmíðuðm heyrnarsíum sem dempa hávaða og hlífa heyrninni án þess að breyta blöndun og tónblæ hljóðsins.



Allar helstu rekstrarvörur og aukahluti fyrir heyrnartæki fást á vefverslun heyrn.is



Hlíðasmára 19, 2. hæð • 201 Kópavogi • Sími 534 9600 • heyrn.is



ÍL Íbúasamtök
Laugardals

Íbúasamtök Laugarals eru á Facebook. Taktu þátt í umræðum um málefni hverfisins á facebook.com/laugardalur

*Gleðileg jól
og farsælt
komandi ár*

Glitþræðirnir ljóma

Jólafrásagan af fæðingu Jesú í Betlehem er sögð um allan heim á þessum tíma árs.

Jarðnesk saga

Frásagan er veraldleg á svo marga vegu, hún fjallar um ferðalag verðandi foreldra, skrásetningu og skattlagningu.

Umgjörðin er boð frá keisaranum, ferðalag á heimaslóðir og margt það sem við getum heimfært upp á okkar eigið líf. Á okkar tímum þurfa margir að hverfa burtu frá sínum heimaslóðum, sökum ógna náttúrunnar, átaka eða annars.

Heimaslóðirnar eru því á dagskrá um jólin, við viljum gjarnan vera heima á jólum, vera með okkar nánustu.

... en einnig himnesk

Frásagan fjallar ekki aðeins um eitthvað sem átti sér stað eitt sinn í fyrndinni, heldur fjallar einnig um eitthvað sem er að gerast.

Að því leiti er frásagan himnesk, þegar hún miðlar veruleika sem er sístæður, veruleika sem við göngum inn í og fáum að taka þátt í, á einhvern yfírnáttúrulegan máta.

Frásagan fjallar á þann máta einnig um andlegan veruleika.

Við manneskjurnar erum andlegar verur, við erum ekki bara hold og blóð, heldur einnig sál og andi. Jólafrásagan talar til hins andlega í okkur. Boðskapurinn getur fært birtu inn í okkar innri veru, okkar andlega líf.

Aðventan og jólin geta glætt í okkur þá djúpu og himnesku glitþræði, sem líf okkar allra er einnig ofið úr.

Glitþræðir

Hinir djúpu og himnesku glitþræðir ljóma í okkur þegar friður ríkir. Glitþræðirnir ljóma þegar kærleikurinn er ræktaður og tengslin sem gera lífið fagurt, þegar við hlúum hvert að öðru, gefum öðrum gaum, gefum af okkur, ekki bara eitthvað sem rúmast í kassa, heldur einnig það sem ekki er hægt að pakka inn. Gefum af okkur hlýju og mennsku, traust og kærleika og önnur þau gæði sem gera lífið ríkara, sem gera lífið sannarlega dýrmætt og þess virði að lifa því.

Andlegt ferðalag

Þetta ferðalag sem jólin fjalla um, er því ekki aðeins söguleg upprifun af ferðalagi unga parsins til Betlehem, heldur getur það einnig verið ferðalag sem snýr að okkur sjálfum, þar sem við veljum að eiga samfylgd við hið góða í lífinu, hér og nú.

Megi glitþræðirnir í þínu lífi verða þér kunnir, svo birti allt í kringum þig, en einnig og þá sérstaklega í þínu hjarta. Gleðileg jól.



Þorvaldur Víðisson
Sóknarprestur í Fossvogsprestakalli
Bústaðakirkju og Grensáskirkju
Prófastur í Reykjavíkúrprófastsdæmi



REYKJAVÍK ER

JÓLABORGIN

Njótið aðventunnar í
miðborginni
borginokkar.is



Dagskrá í Fossvogsprestakalli Jól og áramót 2024

Sunnudagur 15. desember – þriðji sunnudagur í aðventu

Kl. 11:00 Aðventumessa í Grensáskirkju.
Séra Eva Björk Valdimarsdóttir biskupsritari þjónar ásamt Ástu Haraldsdóttur organista, messuþjónum og Kirkjukór Grensáskirkju.

Kl. 11:00 Fjölskylduguðsþjónusta í Bústaðakirkju.
Séra Sigurður Rúnar Ragnarsson þjónar ásamt Jónasi Þóri organista, leiðtogum, messuþjónum og félagum úr Kammerkór Bústaðakirkju sem leiðir almennan safnaðarsöng og syngur einsöng. Nemendur úr Tónskóla Reykjavíkur leika listir sínar.

Sunnudagur 22. desember – fjórði sunnudagur í aðventu

Kl. 11:00 Aðventumessa í Grensáskirkju.
Séra Sigurður Rúnar Ragnarsson þjónar ásamt Ástu Haraldsdóttur, messuþjónum og Kirkjukór Grensáskirkju.

Kl. 11:00 Fjölskylduguðsþjónusta í Bústaðakirkju.
Séra Sigríður Kristín Helgadóttir þjónar ásamt Jónasi Þóri organista, leiðtogum, messuþjónum og félagum úr Kammerkór Bústaðakirkju. Nemendur úr Tónskóla Reykjavíkur leika listir sínar. Ellert Blær Guðjónsson og Bergþór Pálsson leiða almennan safnaðarsöng og syngja einsöng.

Þriðjudagur 24. desember – aðfangadagur

Kl. 14:00 Jólamessa á Mörk.
Séra Þorvaldur Víðisson og Hólmfríður Ólafsdóttir djákni þjóna ásamt Ástu Haraldsdóttur organista og Kirkjukór Grensáskirkju.

Kl. 16:00 Jólalund barnanna í Bústaðakirkju.
Séra Bryndís Böðvardsdóttir, leiðtogar og Jónas Þórir organisti leiða stundina.

Kl. 18:00 Hátíðarguðsþjónusta í Grensáskirkju.
Séra Sigríður Kristín Helgadóttir, Ásta Haraldsdóttir, kantor og Kirkjukór Grensáskirkju, þjóna. Einsöngur.

Kl. 18:00 Hátíðarguðsþjónusta í Bústaðakirkju.
Séra Þorvaldur Víðisson, Hólmfríður Ólafsdóttir, djákni, Jónas Þórir, kantor og Kammerkór Bústaðakirkju, þjóna. Einsöngvari Jóhann Friðgeir Valdimarsson, tenór. Gunnar Óskarsson leikur á trompet.

Kl. 23:30 Miðnæturguðsþjónusta í Grensáskirkju. Séra Sigurður Rúnar Ragnarsson og Ásta Haraldsdóttir þjóna. Kórkonur frá Domus Vox syngja undir stjórn Margrétar Pálmadóttur.

Miðvikudagur 25. desember – jóladagur

Kl. 13:00 Hátíðarguðsþjónusta í Bústaðakirkju.
Séra Sigríður Kristín Helgadóttir þjónar ásamt Jónasi Þóri og Kammerkór Bústaðakirkju. Einsöngur: Gréta Hergils Valdimarsdóttir, Edda Austmann Harðardóttir og Svava Kristín Ingólfssdóttir.

Kl. 14:00 Hátíðarguðsþjónusta í Grensáskirkju.
Séra Þorvaldur Víðisson þjónar ásamt Ástu Haraldsdóttur og Kirkjukór Grensáskirkju.

Fimmtudagur 26. desember – annar í jólum

Kl. 14:00 Jólamessa Kirkju heyrnarlausra í Grensáskirkju.
Séra Kristín Pálsdóttir þjónar ásamt Táknmálskórnum.
Sunnudagur 29. desember

Kl. 15:00 Jólball Fossvogsprestakalls í Bústaðakirkju í umsjá leiðtoga og starfsfólks Fossvogsprestakalls. Gengið í kringum jólatréð og rauðklæddir gestir koma í heimsókn.

Þriðjudagur 31. desember – gamlársdagur

Kl. 18:00 Hátíðarguðsþjónusta í Grensáskirkju.
Séra Sigurður Rúnar Ragnarsson þjónar ásamt Ástu Haraldsdóttur og Kirkjukór Grensáskirkju.

Kl. 18:00 Hátíðarguðsþjónusta í Bústaðakirkju.
Séra Sigríður Kristín Helgadóttir þjónar ásamt Jónasi Þóri og Kammerkór Bústaðakirkju. Gunnar Óskarsson leikur á trompet.

Miðvikudagur 1. janúar 2025 – nýársdagur

Kl. 14:00 Hátíðarguðsþjónusta í Grensáskirkju.
Séra Sigríður Kristín Helgadóttir þjónar ásamt Ástu Haraldsdóttur og Kirkjukór Grensáskirkju.

Kl. 13:00 Hátíðarguðsþjónusta í Bústaðakirkju.
Séra Sigurður Rúnar Ragnarsson þjónar ásamt Jónasi Þóri og Kammerkór Bústaðakirkju.

Sunnudagur 5. janúar 2025

Kl. 11:00 Messa í Grensáskirkju.
Séra María Guðrúnar Ágústsdóttir, fráfarandi sóknarprestur prédikar og kveður söfnuðinn og prestakallið, en hún hefur verið ráðin sóknarprestur í Reykholti. Eins mun séra Daníel Ágúst Gautason æskulýðsprestur þjóna í messunni og kveða söfnuðinn, en hann hefur verið ráðinn prestur við Lindakirkju. Séra Þorvaldur Víðisson þjónar fyrir altari, ásamt messuþjónum. Kirkjukór Grensáskirkju syngur undir stjórn Ástu Haraldsdóttur organista.

Kl. 13:00 Guðsþjónusta í Bústaðakirkju.
Séra Bryndís Böðvardsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari ásamt messuþjónum. Félagar úr Kammerkór Bústaðakirkju syngja undir stjórn Jónasar Þóris.





Pankar Jónu Rúnu



Jólastress og annað vesen

Í sjálfum jólamánuðinum er eitt og annað í gangi hjá flestum okkar. Mörg erum við afskaplega upptekin í gjafastússi, smákökubakstri og hreingerningum. Svo ekki sé nú talað um alla tónleika, jólahlaðborð og aðra viðburði sem fólki finnst það hreinlega verða að mæta á. Fyrir flest börn er þetta tími mikillar tilhlökkunar og eftirvæntingar. En fyrir marga fullorðna einkennist þessi mánuður af alltof mikilli streitu og þá sérstaklega hjá konum sem bera mjög oft mestan þungan af hinni svokölluðu þriðju vakt. Það gleymist oft á þessum tíma að muna hvers vegna við höldum heilög jól og fæðing frelsarans er gjarnan það síðasta sem fólk er að velta fyrir sér í amstri adventunnar. Það væri óskandi að fólk gæti skipulagt sig þannig að desembermánuður væri ekki svona fullur af streitu. Adventan á að vera tími ihugunar og rólegrar samveru. Myrkrið færir yfir og það er ekkert notalegra en að sitja inni hlýjunni ásamt ástvinum og drekka heitt súkkulaði. En þetta er oft nánast ógjörningur vegna streitu og hraða samfélagsins. Ég held að það sé hægt að snúa þessu við ef að vilji er fyrir hendi. Það eru ýmis ráð sem hægt er að fylgja til þess að draga úr jólastressinu og ýta undir slökun og núvitund á adventunni. Til dæmis er hægt að endurskoða örlitid allt gjafastúss. Ég er að sjálfsgöðu ekki mótfallin jólagjöfum en þær þurfa ekki að vera rándýrar eða umfangsmiklar. Það er engu barni gott að venjast því að fá jólagjafir sem kosta jafnvel tugi þúsunda. Jólagjafir geta verið einfaldar og ódýrar en samt glatt þann sem þiggur. Hvað varðar gjafir handa vinum og vandamönnum, þá er vel hægt að ákveða að gefa öllum eins konfektakassa eða gjafakort, eða eitthvað heimatilbúið. Það þarf ekki endilega að stressa sig yfir að velja mismunandi gjafir handa öllum. Þannig er hægt að fara í einn leiðangur og græja gjafir á alla línuna. Svo er líka afskaplega skynsamlegt að versla allt slíkt vel í tíma. Frestunarárátta er ekki af hinu góða í jólaaðstæðunum. Það er líka engin þörf á því að gera svakalega jólahreingerningu. Það er skammdagi og myrkur og dauf birta við kertaljós felur allt ryk. Hver tekur eftir því hvort búid sé að þvo gardínur eða eldhúsinnréttingar fyrir jólin? Ég mæli frekar með vorhreingerningu þegar birta fer. Ég persónulega hef mjög gaman af því þegar fólk skreytir fyrir jólin snemma. Það er eitthvað svo gott fyrir sálina að hafa ljós á runnum og trjám utan dyra í myrkrunu. Eins er bara gaman af því að koma upp jólaskrauti snemma innandyrna. Það eykur bara þessa góðu, hlýju jólatilfinningu og framlengir tíma eftirvæntingar. Getið þið ímyndað ykkur hversu langur og leiðin legur hinn íslenski vetur væri ef að ekki hefðum við jólin og áramótin til þess að stytta hann og gera bæriligan? Mig hryllir við tilhugsuninni. Ég held að markmiðið hjá



okkur öllum ætti að vera að njóta adventunnar og svo jólanna. Gefa okkur tíma til að anda og hugsa um boðskap jólanna. Það er líka skynsamlegt að velja af kostgæfni hvaða viðburði maður vill mæta á, það þarf ekki að fylla dagskrá desembermánaðar þannig að það valdi streitu. Svo vil ég mæla með að þeir sem hafa börn í heimili minni sig á að jólin eru alltaf fyrst og fremst hátíð barnanna og það er mikilvægt að sjá til þess að þau eigi fallegar og jákvæðar minningar um jólin heima. Ekki drekka áfengi í óhófi fyrir framan þau og ekki rífast á jólinum. Ef að makinn er gjörsamlega óþolandi þá er fint að muna að sá vægir sem vitið hefur meira. Það er hægt að taka á slíkum vandamálum síðar meir. Jólin eru heilög og slíkt þarf að virða. Þau eru ekki staður né stund til þess að vinna í samskiptavanda milli hjóna eða gera upp sakir. Slík hegðun er engum til framdráttar og er algjörlega óásættanleg. Við verðum að muna að áföll sem börn verða fyrir, sérstaklega þegar þau tengjast hátíðarhöldum eins og jólum og áramótum, sitja í þeim alla ævi og geta varpað löngum og myrkum skugga yfir þessa hátíðardaga um ókomna framtíð þeirra. Ef að þau verða sem fullorðnir einstaklingar þunglynd um jólin vegna þess að þá rifjast upp erfiðar minningar tengdum mómmu og pabba, þá er þau líklegri til þess að flýta slíka depurð yfir á sín eigin börn og þar með er komin dapurleg hringrás sem erfist á milli kynslóða. Það sama á við um áramótin. Ef barnafólk vil djamma á þeim tímamótum þá mæli ég með því að koma börnunum í öruggt skjól hjá öðrum á meðan. Gefum þeim fyrri hluta kvöldsins með góðum mat og góðri samveru en blöndum þeim alls ekki í partýstand fullorðinna. Djamm, drykkja og börn eiga ekki saman. Setjum þau alltaf í forgang því þau eru bara lítil einu sinni og í mjög stuttan tíma.

Jóna Rúna Kvaran
www.jonaruna.com

BÍÓKORT
EINN MÁNUÐUR
LAUGARÁS BÍÓ

GJAFABRÉF
Gífaðu fyrir vinum & vinum. Að engu við. Ekki þú þessi og góð í Laugarásbío.

LAUGARÁS BÍÓ
AXL

Gefðu skemmtilega gjöf!
Bíókort og gjafabréf fást í miðasölu Laugarásbíós

LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS

ÓDÝR
gleraugu umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispúvörn
19.900 kr.
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu
39.900 kr.
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

OPTIC
REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

LJÓSADÍÓÐU-KROSSAR Á LEIÐI
Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

JS Ljósasmiðjan ehf.
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp.
Sími: 554 0661 / 897 4996

Jólatilboð

20% Afsláttur

Harðir jólapakkar fyrir bílinn

Öll hleðslutæki á afslætti fram að jólum

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • vefverslun: www.skorri.is

Á vegi góður Guð leiðir í sigrum í sorgum gætir. Allt Herra í ástaryl leiðir eilíf englahöndin mætir. Himnasalir, helgin leiðir hjartaþel Drottins gætir.

Frá fossi flóð niður fellur fallæg rós við stein í jörð. Sólín skín og laufið fellur sumt í draumi nærri jörð. Í náttögg rjóð rós fellur í nálægð hjarta í gulljörð.

Höf. Jóna Rúna Kvaran



„Kærleikur treystir á bæn og trúir á Guð..“ JRK



SALT- OG SANDKISTUR

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Í YFIR 50 ÁR

BORGARPLAST
STOFNAD 1971



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRAUST REYNLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésson
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is



Fjölbreytt jóladagskrá í Jólaborginni

Aldrei hefur verið meira skreytt í Reykjavík fyrir hátíðarnar, en hana prýða nú yfir 500 þúsund ljósaperur og 50 kílómetrar af jólaseríum. Fjölbreytt dagskrá verður í boði í Jólaborginni, við Austurvöll, á sófnun, í Elliðaárdalnum og Fjölskyldu- og húsdýragarðinum alla adventuna og ættu öll að finna sér eitthvað skemmtilegt að gera.

Jólakötturinn er á sínum stað og nú hafa Grýla og Leppalúði bæst í hópinn í gróðurhúsinu við Lækjartorg. Oslóartréð á Austurvelli hefur verið tendrað og er ómissandi hluti af Jólaborginni. Alltaf bætist eitthvað nýtt í jólaborgina og er fólk hvatt til að gera sér glaðan dag í borginni á adventunni.

Jólamarkaður við Austurvöll

Austurvöllur er í hjarta jólaborgarinnar og hefur aldrei verið fallegrri. Um 10 kílómetrar af ljósaseríum prýða nú gróðurinn við torgið og starfsfólk borgarinnar hefur búið til skemmtileg ljósagöng á hvorum enda þess. Einnig er búið að koma fyrir glæsilegum jólakrans þar sem tilvalið er að taka hátíðlegar myndir. Í fyrsta sinn er boðið upp á jólamarkað við Austurvöll og munu söluaðilar bjóða upp á fjölbreytt úrval af smávöru og

spennandi jólavörum. Markaðurinn verður opinn allar helgar í desember og dagana 19. - 23. desember.

Tónlist, jólasveinar og annað fjór alla adventuna

25 styrkjum var úthlutað úr viðburðapotti jólaborgarinnar til listafólks sem mun skemmta gestum og gangandi í miðborginni. Kórsöngur, harmonikkutónlist og lúðrablastur mun heyrast um miðborgina og sjá til þess að halda uppi jólastemningunni í miðborginni. Jólasveinarnir verða á vappi og tröllid Tufti ásamt fjölskyldu munu bregða á leik allar helgar fram að jóli. Boðið verður upp á flesta viðburði um helgar og svo síðustu dagana fyrir jól.

Jólavættaleikur

Jólavættaleikurinn hófst 5. desember og eru allar jólavættirnar búnar að koma sér fyrir á húsveggjum víðs vegar um miðborgina. Leikurinn hefur notið vinsælda meðal gesta borgarinnar sem skemmta sér við að þræða götur og torg í leitinni að jólavættunum og fylla inn á jólavættir. borginokkar.is. Leikurinn stendur til 19. desember og verða vegleg verðlaun dregin út úr innsendum réttum svörum.

Jólaskógur

Kateřina Blahutová upplifunarahönnuður hefur umbreytt Tjarnarsalnum í Ráðhúsi Reykjavíkur í ævintýrlegan jólaskóg. Þar verður auðvelt að komast í jólaskap enda grenilyktin allsráðandi í skrautlegu jólaumhverfi. Jólaskógurinn er opinn virka daga frá klukkan 8-18, á laugardögum frá klukkan 10-18 og á sunnudögum frá 12-18.

Jóladalurinn

Það er ævintýri líkast að ganga um Jóladalinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum en garðurinn hefur verið skreyttur með fallettum jóla ljósum. Hægt verður að heimsækja dýrin og þau sem þora geta heimsótt sjálfan jólaköttinn. Kvöldopnarir verða líkt og undanfarin ár frá klukkan 17:00 - 20:00 föstudaga til sunnudaga til jóla og ókeypis aðgangur.

Jól á Borgarbókasafni

Jóladagskrá Borgarbókasafnsins er fjölbreytt og ættu öll að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í aðdraganda jóla. Boðið verður upp á upplestur úr nýjum bókum, barnabókaball, ýmiss konar fönurstundir, samsöng og margt fleira. Jóladagatalið er á sínum

Pabbabrandarar 3.0

Nýr skammtur af pabbagríni



Höfundur:
Þorkell Guðmundsson

Hin fullkomna **jólagjöf** fyrir alla pabba landsins.
Í þessari nýju bók eru líka 16 vísnaðgur!

Laugardalur, Háaleiti & Bústaðir

Auglýsingasími 568 8862

NÝTT Á ÍSLANDI...

Hágæða náttúrulegar hárvörur frá TANINO sem vernda og styrkja hárið eru komnar í sölu á vefnum okkar - scala.is

Þú getur líka kíkt við hjá okkur að Lág múla 5.



Scala
HAIR & MAKEUP

LÁGMÚLA 5
108 REYKJAVÍK

553 1033

TANINO
THERAPY



JÓLATILBOÐ

fb.com/scala.hair

www.scala.is



SIMON VAUGHAN LJÓSMYNDARI
WWW.SIMONVAUGHANLJOSMYNDARI.COM
PANTÍÐ TÍMA FYRIR MYNDATÖKU Í SÍMA 690 9670



*Útfararþjónusta
í yfir 70 ár*

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

stað þar sem opnaður verður einn kafti á dag og hægt að lesa að hlusta á Jólaævintýri.

Jólin á Árbæjarsafni

Bráðum koma blessuð jólin er yfirskrift jóladagskrár Árbæjarsafns sunnudagana 8. og 15. desember. Þá




daga gefst gestum tækifæri að njóta adventunnar og upplifa jólin eins og þau voru í Reykjavík í þá gömlu góðu daga. Jólaundirbúningur er í fullum gangi í bænum og boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá. Í Árbæ má sjá heimafólk skera út laufabrauð, kemma ull og spinna garn. Kæsta skatan er komin í pottinn í Efstabæ og í

Miðhúsum eru prentuð falleg jóla-kort. Í hesthúsinu í Garðastræti eru hjúin í óðaönn að steypa kerti úr tólg.

Allar upplýsingar um dagskrá má nálgast á jolaborgin.is

NÝTUM ORKUNA TIL AÐ FLOKKA

Umbúðagámar fyrir pappa- og plastumbúðir
há **Orkunni 23. - 27. desember.**

-  Austurströnd, Seltjarnarnesi
-  Kleppsvegi, Reykjavík
-  Gylfaflöt, Reykjavík
-  Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði
-  Skagabraut, Akranesi
-  Mýrarvegi, Akureyri



HP
GÁMAR

Krossgátublaðið Fjörefni 58. tbl.,
Krossgátublaðið Nýjar Tómsundur 58. tbl.
og Krakkaþlaðið Prautakóngur 34.tbl.
fást á næsta blaðsöluastað

KROSSGÁTUBLAÐIÐ
Nr. 58 Verð kr. 1200. - m/vsk.
Fjörefni
Tröðfullt blað af
krossgátum fyrir alla fjölskylduna.

KROSSGÁTUBLAÐIÐ
NÝJAR
TÓMSTUNDIR TROÐFULLT
AF KROSSGÁTUM
Nr. 58 Verð kr. 1200. - m/vsk.

KRAKKABLAÐIÐ
PRAUTAKONGUR
NR. 34 Verð kr. 1200. - m/vsk.
GEYMIÐ ÞAR
SEM ALLIR
NÁ TIL
Tröðfullt blað
af gátum
prautum
og gamni
fyrir krakka.

Samþykkt að byggja safnskóla í Laugardal



Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar samþykkti í dag að halda áfram vinnu við þróun og byggingu safnskóla á unglingsstigi í Laugardal. Áætlað er að hann muni rísa á svokölluðum „þríhyrningi“ á milli Skautahallarinnar og félagsheimilis Þróttar og Ármanns. Ennfremur var ákveðið að halda aldurshópum í Laugarhverfi saman eins og óskað var eftir í samráðsferli. Áætlað að

starfsemi skólans hefjist 2030. Safnskólinn verður fyrir unglinga í 8. – 10. bekk af skólasvæði Langholtsskóla, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla. Á þessu stigi er einnig gert ráð fyrir að unglingar sem búa á nærliggjandi uppbyggingarreitum, við Grensásveg, á Orkureitnum og í Skeifunni, muni stunda nám í skólanum. Það verður þó skoðað nánar í sambandi við þróun íbúafjölda á

uppbyggingarsvæðunum. Næstu skref lúta að því að koma upp tímabundnu skólaþorpi á syðsta hluta bílastæðisins við KSÍ sem er í undirbúningi og stefnt að því að fyrsti hluti verði tilbúinn haustið 2025. Fyrst um sinn munu börn úr Laugarnesskóla stunda nám í skólaþorpinu svo hægt verði að fara í nauðsynlegar og umfangsmiklar framkvæmdir á skólabyggingum.

Lýðræðisdagur Vogaskóla

Lýðræðisdagur Vogaskóla og Buskans fór fram á fimmtudaginn 21. nóvember. Verkefnið var falið nemendaráði Vogaskóla og framkvæmdu þau verkefnið með glæsibrag. Verkefnið var þrískipt; kynning á frambjóðendum í mynd pallborðs stjórnað af Nemandafélagi Vogaskóla. Kosningar haldnar yfir daginn af kjörstjórn nemandaráðs. Seinast var kosningavaka haldin af Buskanum þar sem að fulltrúar nemandaráðs sáu um að telja atkvæði og formaður nemandaráðs kynnti niðurstöður. Ungkrúv mætti á staðinn svo til þess að skjalsetja þennan merka viðburð.

Pallborðið

Pallborðið um morgunin gekk eins og í sögu og unglingarnir í salnum fylgdust með af athygli og virðingu. Á pallborðið mættu fulltrúar allra flokka nema Sósíalístaflokksins. Fulltrúar flokkanna sem mættu voru fyrir Sjálfstæðisflokkinn Júlíus Viggó Ólafsson, fyrir Samfylkinguna Dagbjört Hákonardóttir, fyrir Vinstri græn Finnur Ricart Andrasón, fyrir

Viðreisn Karólína Helga Simonardóttir, fyrir Flokk fólksins Ragnar Þór Ingólfsson, fyrir Miðflokkurinn Einar Jóhannes Guðnason, fyrir Ábyrga framtíð Jóhannes Loftsson, fyrir Lýðræðisflokkurinn Sólveig Dagmar Þórisdóttir, fyrir Pírata Björn Lévi Gunnarsson og fyrir Framsóknarflokkinn Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir. Fundar og umræðustjórar voru mjög frambærileg, stjórnunni umræðunni vel og minntu á Jóhönnu Vigdísi þegar kom að tímastjórnun.

Kosningar

Næst voru það kosningarnar sjálfar. Þar tók við kjörstjórnin sjálf, hún setti upp kjörstað og tók á móti kjósendum og passaði að allir fengu tækifæri til þess að taka þátt. Haldið var vel utan um allar tölur og kjörsókn var um 60% (64/108) sem að við teljum að sé mjög góð niðurstaða. Samanborið við það þá var kjörsókn í skuggakosningum #Égkys 2021 haldið um land allt 35%. Þar af voru 5 ógild eða auð

atkvæði.


Kosningavaka

Um kvöldið var síðan kosningavaka haldin og þá steig formaður nemandafélagsins fram og kynnti niðurstöðurnar. Ungkrúv mætti á svæðið og tók viðtöl við nokkra unglinga og það voru pizzur í boði.

Þetta verkefni var tilraunaverkefni og hefur aldrei verið framkvæmt í grunnskólum Íslands á þennan hátt svo við vitum. Í þessum bransa sem við vinnum í hefur verið ákveðin tregða við að fjalla um stjórnarmál vegna hræðslu við að vera óvart með áróður. Auðvitað er mikilvægt að vera ekki með áróður en það þýðir ekki að unglungum eigi alfarið að vera haldið frá stjórnmalum. Stjórnmalin snerta jú okkur öll og eru þessir krakkar okkar fullgildir meðlimir samfélagsins okkar.

Höfundur: Elias Snær Önnuson Torfason, Félagsmiðstöðin Buskinn

Skuggakosningar Vogaskóla 2024



Niðurstöður úr skuggakosningu í Vogaskóla svo fólk geti borið saman við niðurstöður kosninganna

Helgihald í Laugardalsprestakalli

- Kirkjurnar við Laugardal -



Langholtskirkja

3. sunnudagur í aðventu, 15. desember.

kl. 11:00 Fjölskylduguðsþjónusta.

Ásta Ingibjörg Pétursdóttir prestur leiðir stundina, Krúttakórinn syngur, undir stjórn Söru Grímsdóttur og Svövu Rúnar Steingrímsdóttur og undirleik Magnúsar Ragnarssonar organista. Skemmtileg heimsókn úr fjöllumunum!

4. sunnudagur í aðventu 22. desember.

kl. 11:00 Söngvar og lestrar aðventunnar.

Guðbjörg Jóhannesdóttir sóknarprestur þjónar. Félagar úr Fílharmóníunni syngja undir stjórn og undirleik Magnúsar Ragnarssonar organista.

Aðfangadagur jóla, 24. desember.

kl. 18:00 Aftansöngur.

Guðbjörg Jóhannesdóttir sóknarprestur þjónar. Hátíðarsöngvar Bjarna Þorsteinssonar. Kór Langholtskirkju syngur undir stjórn og undirleik Magnúsar Ragnarssonar organista. Jóna G Kolbrúnardóttir syngur einsöng.

Jóladagur, 25. desember.

kl. 14:00: Söngvar og lestrar jóla.

Guðbjörg Jóhannesdóttir sóknarprestur þjónar. Kór Langholtskirkju syngur undir stjórn og undirleik Magnúsar Ragnarssonar organista.

Annar dagur jóla, 26. desember.

kl. 14:00 Fjölskylduguðsþjónusta.

Guðbjörg Jóhannesdóttir sóknarprestur þjónar. Barna- kórarnir Graduale Liberi og Graduale Futuri syngja og flytja helgileik undir stjórn Bjargar Þórsdóttur kórstjóra. Organisti Magnús Ragnarsson.

5. janúar.

kl. 11:00 Messa og fyrsti sunnudagaskóli nýs árs.

Sara Grímsdóttir leiðir sunnudaga- skólann, Guðbjörg Jóhannesdóttir sóknarprestur þjónar við messuna ásamt Magnúsi Ragnarssyni organista. Graduale Nobili syngur undir stjórn Agnesar Jórunnar Andrésdóttur kórstjóra. Léttur hádegisverður að messu lokinni.

Í Langholtskirkju er svo messað alla sunnudaga fram á sumar kl.11:00, að lokinni messu er léttur hádegisverður í safnaðarheimilinu.

Jólasöngvar Kórs Langholtskirkju.

kl. 17:00 Laugardaginn 14. desember.

kl. 17:00 Sunnudaginn 15. desember.

Kór Langholtskirkju, Gradualekór Langholtskirkju og Graduale Nobili. Einsöngvari: Oddur Arnþór Jónsson. Stjórnendur: Magnús Ragnarsson, Lilja Dögg Gunnarsdóttir og Agnes Jórunn Andrésdóttir.

Miðasala á Tix.is



Áskirkja

3. sunnudagur í aðventu, 15. desember.

kl. 13:00. Messa.

Ásta Ingibjörg Pétursdóttir prestur þjónar. Kór Áskirkju syngur undir stjórn Bjarts Loga Guðnasonar organista.

4. sunnudagur í aðventu, 22. desember.

kl. 13:00. Messa.

Ursula Árnadóttir prestur þjónar. Hljómfélagið syngur undir stjórn Fjölu Kristínar Nikulásdóttur, organisti er Bjartur Logi Guðnason.

Þorláksmessa, 23. desember.

kl. 13:30, jólaguðsþjónusta að Norðurbrún 1.

kl. 14:30, jólaguðsþjónusta að Dalbraut 27.

Ursula Árnadóttir prestur þjónar í báðum athöfnum, Jóhanna Ósk Valsdóttir leiðir almennan söng, Dagmar Helga Bjartsdóttir leikur á fiðlu og organisti er Bjartur Logi Guðnason

Aðfangadagur, 24. desember.

kl. 18:00. Aftansöngur.

Ásta Ingibjörg Pétursdóttir prestur þjónar. Kór Áskirkju syngur undir stjórn Bjarts Loga Guðnasonar organista. Einsöngvari er Særún Rúnudóttir. Friðrik Valur Bjartsson leikur á trompet.

Jóladagur, 25. desember.

kl. 14:00. Hátíðarguðsþjónusta.

Ursula Árnadóttir prestur þjónar. Kór Áskirkju syngur undir stjórn Bjarts Loga Guðnasonar organista.

Annar dagur jóla, 26. desember.

kl. 13:00. Jólaguðsþjónusta á Skjólí. Ursula Árnadóttir prestur þjónar.

kl. 14:00. Jólaguðsþjónusta á Hrafnistu.

Ásta Ingibjörg Pétursdóttir prestur þjónar. Félagar úr Kór Áskirkju syngja við báðar athafnir. Dagmar Helga Bjartsdóttir leikur á fiðlu.

Gamlársdagur, 31. desember

kl. 18:00. Aftansöngur.

Ásta Ingibjörg Pétursdóttir prestur þjónar fyrir altari. Kór Áskirkju syngur undir stjórn Bjarts Loga Guðnasonar organista.

12. janúar.

kl. 13:00. Messa.

Ursula Árnadóttir prestur þjónar. Kór Áskirkju syngur undir stjórn Bjarts Loga Guðnasonar organista.

Í Áskirkju er svo messað alla sunnudaga fram á sumar kl.13:00, að lokinni messu er messukaffi í safnaðarheimilinu.



Laugarneskirkja

3. sunnudagur í aðventu, 15. desember.

kl. 11:00. Messa og sunnudagaskóli.

Davíð Þór Jónsson prestur þjónar. Kór Laugarneskirkju syngur undir stjórn Elísabetar Þórðardóttur organista. *Messunni verður útvarpað á Rás 1.*

4. sunnudagur í aðventu 22. desember.

kl. 11:00. Söngvar og lestar aðventunnar og jólasunnudagaskóli.

Ursula Árnadóttir prestur þjónar. Kór Laugarneskirkju syngur undir stjórn Elísabetar Þórðardóttur organista.

Aðfangadagur jóla, 24. desember.

kl. 11:00 Hátíðarguðsþjónusta hjúkrunarheimilinu Sólúni.

Elísabet Gísladóttir djákni og Davíð Þór Jónsson prestur þjóna. Organisti Elísabet Þórðardóttir, meðlimir úr kór Laugarneskirkju syngja.

kl.18:00: Aftansöngur

Davíð Þór Jónsson prestur þjónar. Kór Laugarneskirkju syngur hátíðarsöngva Bjarna Þorsteinssonar undir stjórn Elísabetar Þórðardóttur organista. Guja Sandholt syngur einsöng.

Jóladagur, 25. desember

kl. 14:00: Guðsþjónusta á jóladag.

Níu lestra messa. Davíð Þór Jónsson prestur þjónar. Kór Laugarneskirkju syngur undir stjórn Elísabetar Þórðardóttur organista.

Nýársdagur, 1. janúar

kl.16:00: Hátíðarguðsþjónusta á nýársdag.

Davíð Þór Jónsson prestur þjónar. Kór Laugarneskirkju syngur undir stjórn Elísabetar Þórðardóttur organista. Ingunn Sigurðardóttir syngur einsöng.

Sunnudagur 12. janúar.

kl.11:00: Messa og sunnudagaskóli.

Ursula Árnadóttir prestur þjónar. Hljómsveitin Umbra sér um tónlistarflutning, organisti er Elísabet Þórðardóttir.

Í Laugarneskirkju er svo messað alla sunnudaga fram á sumar kl.11:00, að lokinni messu er messukaffi í safnaðarheimilinu.

Opið hús.

Starf eldri borgara í Ássókn og Laugarnessókn, hefur göngu sína á ný eftir jólahlé fimmtudaginn 16. janúar 2024 í Áskirkju og verður vikulega til vors.

Samvera

Samverur eldri borgara í Langholtskirkju hefjast að nýju þann 15. janúar 2024 og eru vikulega til vors.

*Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum árið sem er að líða.
Prestar, sóknarnefndir, starfsfólk og sjálfboðaliðar
Áskirkju, Langholtskirkju og Laugarneskirkju í Laugardalsprestakalli.*

Ekki vekja Grýlu



Nú flytja vil ég vísnaðver sem lætur hárin rísa á þér í bæ einum það fyrirbar þó sjaldan nokkuð gerðist þar, að lífið fór í klessuköku. Þetta var á Hrekkjavöku. Þegar það sem óttan vekur fíflangangur burtu hrekur. Ærslagangur, ys og kæti gamansemi og Grýlulæti Nei! Enginn þeirri brussu bauð vonuðu að hún væri dauð.

Á þessum vísuorðum hefst sagan Bannað að vekja Grýlu eftir þá Hjalta Halldórsson og Magnús Dag Sævarsson sem kom út nýlega hjá Bókabeitunni. Við heimsóttum þá í Langholtsskóla þar sem þeir báðir starfa sem kennarar og spurðum þá um hvað sagan fjallaði.

Þessi bók fjallar um það þegar jólasveinarnir uppgötva hrekkjavökuna, segir Hjalti. Þeim leiðist alveg svakalega í hellinum sínum og eru líka að tipla á tánnum í kringum herbergi móður sinnar því það er eina reglan sem er í gildi þarna, að það er stranglega bannað að vekja Grýlu því enginn veit hvað gerist ef hún vaknar of snemma.

Það vita allir að þá gerist eitthvað vont því það er bara október, segir Dagur, og allir vita að ekki má vekja Grýlu.

Stekkjastaur fer í göngutúr og lítur yfir bæinn og sér að það er eitthvað spennandi í undirbúningi, segir

Hjalti, eitthvað sem snýstu um hrekki og þá rifjast upp fyrir honum hrekkirnir sem þeir tóku sér fyrir hendur í gamla daga þegar þeir voru ennþá annáluð hrekkjusvín.

Þeir eru búnir að gleyma upprunum, segir Dagur, gleyma því að þeir voru einu sinni hrekkjusvín og þegar

hann sér hrekkjavökuna þá brjótast einhverjar gamlar kenndir út. Þeir þekkja ekki óskrifaðar reglu hrekkjavökunnar um að hrekkirnir mega ekki fara yfir strikið en þá er það hún Tinna sem tekur til sinna ráða en hún er barn sem reynir að bjarga hrekkjavökunni og jólonum.



Hvernig er verkaskiptingun á milli ykkar?

Hjalti kom með þessa hugmynd, segir Dagur, og bar hana upp við mig og við unnum hana saman að mestu leyti og ég teiknaði allar myndirnar en Hjalti skrifaði textann en hann er allur rímaður.

Þetta dálítið í stíl við söguna um þegar Tröllur stal jólonum, segir Hjalti, um það hvort það hvort Grýla og jólasveinarnir steli Hrekkjavökunni og eyðileggi jólin. Þetta er ellefta bókin mín en fyrsta bókin hans Dags og mig hefur lengi langað til að vinna með jólasveinana því þetta er svo stuttur gluggi, þeir koma í desember og eru farnir í janúar. En hvernig er hjá þeim þegar þeir eru að hanga í hellinum, leiðist þeim ekki alveg svakalega?

Svo vorum við dálítið að reyna að gera öðruvísi jólasveina en fólk er vant, segir Dagur. Við vorum farnir að sjá jólasveina út um allt, menn sem til dæmis svara aldrei netpóstum, er það ekki dálítið jólasveinalegt? Svo eru þarna nokkrir jólasveinar sem við byggjum á

ýmsum frægum eins og Elton John eða Willy Nelson. Þjúgnakrækir er til dæmis byggður á austurevrópskum handholtamarkmanni.

Eitthvað að lokum?

Þetta er bók sem ætti að taka fram í október til að byrja að hita upp fyrir jólin og það þarf engin að vera hræddur við Grýlu þó hún sé ógnvekjandi því hún birtist hvergi í bókinni nema sem skuggi eða ávæningur af sjálfri sér.



Hjalta Halldórsson og Magnús Dagur Sævarsson



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is



MÍÐASALA | 528 5050 | HARPA.IS



Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi



Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



Fyrsta verk Fossvogsbrúar boðið út

Vegagerðin hefur boðið út gerð landfyllinga og sjóvarna vegna nýbyggingar brúar yfir Fossvog. Brúin tengir saman vesturhluta Kópavogs og Reykjavík með afgerandi hætti. Stytta ferðalengdir og stuðla að því að draga úr umferðarálagi á vegum.

Útboðið sem er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu markar formlega upphafið að framkvæmdum við byggingu Fossvogsbrúar, sem er ætluð Borgarlínuvögnum, strætisvögnum, gangandi og hjólandi vegfarendum, auk forgangsaksturs lögreglu, sjúkraflytinga og slökkviliðs. Verkið er

samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar og á að vera að fullu lokið fyrsta nóvember 2026.

Fossvogsbrúin verður 270 metra löng brú frá Kársnesi yfir að Reykjavíkflugvelli sem á að þjóna Borgarlínunni, gangandi og hjólandi.

Gerð verður landfylling báðum megin Fossvogs. Reykjavíkurmegin felur verkið í sér gerð tveggja hektara landfyllingar og 740 metra sjóvarna utan við núverandi strandlínu frá Skerjafirði í norðvestri að Kýrhamri í norðaustri. Á Kársnesi felur verkið í

sér gerð um 0,3 hektara landfyllingar utan við núverandi strandlínu með 220 metra af nýrri sjóvörn ásamt um 0,4 hektara fyllingum á landi. Verkið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar.






Gleðileg jól

Starfsfólk Norðurmiðstöðvar óskar ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Með þökk fyrir samskiptin á liðnu ári.



NORÐURMIÐSTÖÐ


Hitt Húsið óskar öllum gleðilegra jóla

Við bjóða öllum ungmennum á aldrinum 16-25 ára að taka þátt í okkar fjölbreytta starfi og njóta aðstöðunnar sem Hitt Húsið hefur upp á að bjóða.



HITT HÚSIÐ



NEXUS IS MYNDASÖGUR



Landsins stærsta úrval af vestrænum & asískum myndasögum finnur þú í Nexus!
















VERÐ FRÁ 2.799 kr. stk.

Spilamót og málun í WARHAMMER alla laugardaga! Dagskrá má finna á facebooksíðu 'Warhammer á Íslandi'.

NEXUS

TVÆR VERSLANIR...

GLÆSIBÆR 104 Rvk. 552 9011
KRINGLAN 103 Rvk. 552 9012



Hátíðarkalkúnn

Kalkúnakrydd

Kalkúnninn má vera af hvaða stærð sem er. Steikingartími kalkúnsins er um 40-50 mín. pr. kg. á 150° hita, án blásturs.

Ætíð er best að fylgjast vel með kalkúni í steikingu vegna þess að enginn ofn er eins. Einnig er gott að nota kjóthitamæli og miða við 71° kjarnhita. Gott er að þekja hann með álpappír 2/3 hluta steikingartímans og láta hann síðan brúnast síðasta hluta (u.þ.b. 15 mín) og hækka hitann í 200-250°.

Sumum finnst betra að byrja á því að brúna hann til að loka honum og halda safanum inni.

Ef til staðar er pottjámsspottur þá er hann tilvalinn þ.s. hægt er að loka honum og minnka hættuna á að kalkúnninn brenni.

Hér fyrir neðan er dásamleg uppskrift af smjörgljáa til að smyrja kalkúnninn reglulega á meðan steikingu stendur til að koma í veg fyrir að hann brenni og þomi síður upp.

Einnig fékkst gott ráð fyrir þá sem ekki eiga pottjámsspott, í þætti Sigurðar Hall á Stöð 2 um að þekja kalkúnninn með gömlu hreinu viskustykki sem vætt er vel upp úr bræddu smjöri í stað álpappírins

Fylling

Hráefni.
4-500 gr svínahakk, 6 brauðsneiðar, grófu eða hvítu, handfylli af sveskjum saxaðar, 1 lítil dós apríkósu, smjör, 1 stór saxaður laukur, 200 gr brytjaðir sveppir, ½ glas kalkúnakrydd, salt og pipar.

Leysið upp brauðsneiðarnar í vatni eða kjúklingasoði. Látið laukinn og sveppina krauma í smjör við vægan hita í 5-10 mínútur. Blandið vel saman við svínahakkið og bætið sveskjum og apríkósunum (án safans) með. Bætið þá kryddblöndunni út í ásamt salt og pipar og fyllið kalkúnninn vel. Ef afgangur er af fyllingunni má gjarnan baka hana í formi með kalkúnninum í klukkutíma eða svo.

Fyllinguna má gera daginn áður

Gljái á kalkún

Hráefni:

1 og ½ msk. Creola kryddblanda Pottagaldrar eða Kalkúnakrydd Pottagaldrar, ¼ lítr. appelsínudkjús, 3 msk. limedjús eða sítrónusafi, 1 msk. dijon sinnep, 3 msk. soya sósa, 50 gr. bráðið smjör, 2-3 msk. hunang.

Blandið öllu vel saman í skál. Byrjið á því að nudda salti og hvítum pipar vel á kalkúnninn. Penslið síðan kalkúnninn vel með gljáanum og hefið steikingu hans. Penslið af og til með gljáanum á meðan steiking stendur yfir, sérstaklega ef að álpappírinn/eða viskustykkið hefur verið fjarlæggt og skinnið að brúnast.

Himnesk sósa

Brúnið og steikið fóarnið úr kalkúnninum ásamt vængjastubbunum. Kryddið það með 1-2 tsk. Kalkúnakryddinu ásamt salt, pipar og lárviðarlaufum um leið og steikt er. Einnig má bæta við 1-2 tsk. Creola. Hellið vatni út á og sjóðið í góðan klukkutíma. Gjarnan má bæta kalkúna- eða kjúklingakrafti út í vatnið ásamt lauk, sellerý og gulrótum til að fá sterkara bragð. Sjóðið rétt yfir suðumarki í góðan klukkutíma og síð. Þegar kalkúnninn er full steiktur skal síða hans út í sósusóðið. Sjóðið áfram í 15 mín. Ef soðið er enn gruggugt má síða það aftur. Bætið þá út í soðið restinni af gljáanum ásamt rjóma. Þykkið eftir smekk. Ef portvín eða líkjörar eru til í vinskápn-um má alltaf smakka sósunu til með þeim eða góðu með ribserjageli en gljáinn gerir það besta fyrir sósunu.

Sætkartöflumús

500gr sætar kartöflur, 2 meðal stórar kartöflur, 1 tsk. Chilliflögur Pottagaldrar,

safi úr 1/2 sítrónu, 2 msk. smjör, 2 msk. hreinn rjómaostur, Pekan hnetur eftir smekk, 1 msk. rötargrænmeti, salt og pipar

Skræla allar kartöflurnar og skera niður í bita. Kartöflurnar svo settar í pott og vatn latið fljóta yfir. Chilliflögum bætt við má líka sleppa eða jafnvel bæta við og gera sterkari útgáfu. Sítrónusafa bætt út í

pottinn. Suðan látn koma upp og soðið í um 20 mínútur eða þar til að kartöflurnar eru orðnar vel mjúkar. Vatninu helt af. Kartöflurnar settar í matvinnsluvél með smjöri og rjómaosti. Bragðbætt með salti, pipar. Kartöflumúsinn sett í eldfast mót og pekan hnetunum raðað ofan á. Magn eftir smekk. Gott að hita upp 10 mín ofni fá sjóðheita kartöflumús með heitum hnetunum á 200 gráðum með blæstri.



Jólapaté

400 - 500 g kjúklingalifur
150 g gamlir sveppi
eða 50 g þurrkaðir skógarsveppir
1/2 meðalstór laukur smátt skorinn
2 msk Villirjurtakrydd frá Pottagaldrum
Smjör til steikingar.
Salt og grófmullinn svartur pipar
Kóniak / Brandí
2 dl rjómi
Skvetta af sérrí eða portvíni

Sveppirnir og laukurinn eru svissaðir á pönnu í hluta af smjörunu. Kryddað með villirjurtakryddi, salti og pipar. Fjarlægjið af pönnunni.

Steikið og brúnið Kjúklingalifrína í restinni af smjörunu. Kryddið á sama hátt.

Þegar lifrin er vel brúnuð og steikt er hún

„flamberuð“ með kóniaki.

Þá er lauknum og sveppunum bætt úti ásamt rjómanum og látið kruama í 10 - 15 mínútur á vægum hita undir loki. Takið þá pönnuna af og látið standa smá stund.

Allt hráefnið er síðan sett í matvinnsluvél og hrært saman í skamma stund eða þar til hráefnið er orðið meðalunnið.

Um leið og matvinnsluvélin vinnur er dálitlu af sérrí eða portvíni bætt úti.

Setjið í ílát og kælið í ísskáp.

Athugið! Grófleikinn fer eftir því hve lengi matvinnsluvélin vinnur.

Beirið fram með saltkexi og góðri berjasultu.

POTTAGALDRAR

– eldhús allra landa

Kalkúnakrydd

Þessi kryddblanda var sérstaklega hönnuð til þess að blanda með hráefni sem fer í fyllingu kalkúnsins.

Hér á síðunni má svo finna uppskrift af ljúffengri fyllingu og öðrum góðum ráðum við steikingu og sósugerð kalkúnsins. Saltað og piprað eftir smekk - hristist fyrir notkun.

Innihaldslýsing:

Steinselja, hvítlauksduft, oreganó, majoram, salvía, estragon



Alþýðuhugrækt Grobb



Mat okkar á mannkostum og mikilvægi er ótrúlega margslungið og fjölbreytt. Við sem erum montin og mikil á lofti eigum heilmikið vantalað við okkar innri mann sökum þess að okkur kann að skorta heppilega auðmýkt og lítillæti.

Auðvitað getur verið gott að hafa sjálfstraust og finnast nokkuð til sín koma. Á hinn bóginn gildir að þegar við veljum það atferli í samskiptum að vera bæði sjálfhælin og sperrt teljumst við ekki hafa það sjálfstraust sem liggur í heilbrigðu og jálagu mati á eigin manngildi. Trúlega myndi slík framkoma kallast mont öðru fremur. Kampagleiður einstaklingur virkar óviðkunnanlega á aðra vegna þess að hann hefur tilhneigingu til að álita sig öðru fólki fullkomnari og merkilegri. Það er því heppilegt að hafa í huga að montið fólk er af flestum talið óviðkunnanlegt og óspennandi og virkar fráhrindandi og óþægilegt.

Best er að ígrunda þá staðreynd að sannanlega verðum við ekkert eftirtæktarverðari þó við séum góð með okkur og teljum að andleg eða veraldleg staða okkar sé eitthvað mikilvægari og áhugaverðari en annarra. Velgengni liggur ekki í því að gera t.d. mikið úr því sem er ekki tilkomið vegna okkar eigin hæfileika, atorku eða frumkvæðis. Aðstæður okkar og fjölskylda er eitthvað sem við fæðumst inni þó við kunnum að eiga val í þeim efnum síðar á lífsleiðinni.

Við getum því ekki upphafið sjálf okkur með því að undirstrika af sjálfshælni og þótta hugsanlega stöðu okkar gagnvart umheiminum eða fólki. Allra síst getum við gert það í þeim málum okkar sem beinlínis eru ekki tilkomin vegna eigin verðleika. Við áttum okkur flest fyrir eða síðar á þeirri staðreynd að það er ekki ætterni, atvinna, skólun eða veraldlegur auður okkar sem gefur okkur rétt til að álita okkur mikilvægari eða merkilegri en annað fólk.


Ágætt er að minna sig á að hnakk kert viðhorf ríkja ekki í hugum þeirra sem í raun eru eitthvað af sjálfum sér. Dryld er aftur á móti mjög oft átakanlegur og áberandi ljóður á fasi og framkomu þeirra sem upphefa sjálfa sig á kostnað annarra. Það er augljóslega íhugunarverð staðreynd að manneskja sem er járæn, kærleiksrík, réttisýn og einlæg er sjáanlega á heppilegum og heilbrigðum þroskaleiðum. Við eigum ekki að miklast yfir því sem viðkemur ytri ávinningum og aðstæðum okkar. Heppilegra er fyrir okkur að vera hógvæ og lítillát en að vera kampa-gleið og kræsin. Hyggilegt er að við látum verk okkar og viðmót gefa samskiptum okkar ljóma og reisin frekar en að láta dapurleika dryldarinnar gera það.

Höfnun því öllum sjónarmiðum sem miða að því að upphefa persónur okkar á forsendum aðstæðna, útlits, embætta og fjölskyldutengsla. Eyðum frekar tíma og hugsun í þá þætti sammanlegra samskipta sem örva og hvetja okkur til að breyta rétt. Veitum öðrum og máttlitlum hlutdeild í ávinningum okkar af auðmýkt og mannkærleika en breytum ekki eins og þeir sem eru hrokafullir og mikillátir.



Jóna Rína Kvaran
www.jonaruna.com

Hinar mörgu hliðar síldarinnar



Síldin í myndlistinni, bókmenntunum, á síldarplönunum og fjölduinn allur af girnilegum síldarréttum. Bók sem bragð er af - eða þannig sko!

Bókaútgáfan Hólar • holabok.is / holar@holabok.is

REYKJAVÍKURBÓN

FIMM STJÖRNU EINKUNN



SÍÐUMÚLA 37 • 108 REYKJAVÍK

SÍMI 782 3330

reykjavikurbonstodin@gmail.com

SKÚBB ÍSTERTUR

FYRIR ÖLL TILEFNI

SALTKARAMELLA



SÚKKULAÐI



KÓKOS OG ÁSTARALDIN




VANILLA



SKÚBB ÍSTERTUR FÁST Í SKÚBB ÍSGERÐ, LAUGARÁSVEGI 1, OG Á WWW.SKUBB.IS



SKÚBB ÍSGERÐ | LAUGARÁSVEGI 1 | SKUBB.IS | 767-0123



Ein þekktasta bók veraldar, Animal Farm, hefur nú verið endursögð.

74 blaðsíðna myndabók sem fangar ádeiluna vel.

Þetta rit á mikið erindi inn í umræðu í dag þar sem illa er farið með vald og valdaktíkur skammta sér ríflega.

Útkall í ofsabrimi

Höfundur: Óttar Sveinsson

Allar Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa vermtestu sæti metsölu-listanna í 30 ár. Hér er greint frá baráttu sjö manna upp á líf og dauða þegar Goðinn sekkur í ofsabrimi í Vöðlavík (1994). Mennirnir voru að gefast upp þegar þyrla birtist í ofsavæðrinu. Eftir það gerast óvæntir hlutir sem enda með einni tryllingslegustu flugferð Íslandssögunnar.

Útkall ehf.



Hlemmur

Hlemmsvæðið hefur verið skipulagt sem miðborgartorg, svæði fyrir margvíslegar uppákomur og leik í öruggu umhverfi. Það verður endurskipulagt sem almenningsrými fyrir alla aldurshópa með aðgengi fyrir öll og akandi umferð verður beint frá torgsvæðinu.

Nýr og betri Hlemmur

Nýtt yfirborðsferni, setaðstaða, leik- og dvalarsvæði ásamt gróðri verða ríkjandi þættir á nýju Hlemmtorgi ásamt vistvænni nálgun á meðhöndlun yfirborðsvatns. Nýr hjólastígur verður lagður meðfram svæðinu og tengir Hverfisgötu og Laugaveg upp að Bríetartúni. Að framkvæmdum loknum verður svæðið sannkallað torgsvæði, ekki aðeins með auknum gróðri og dvalarrýmum heldur líka list.

Klyfjastur Sigurjóns Ólafssonar verður fluttur af sínum stað yfir á nýja svæðið nær mathöllinni. Þar verður einnig vatnsverk sem minnir á vatnsþróna sem áður var á Hlemmi.




ÞÉR ER BODIÐ

Hverfið Mitt býður öllum í Jóladal Fjölskyldu- og húsdýragarðsins frá kl. 17 til 20 föstudaga til sunnudaga til jóla.

www.mu.is





Ljósmynd: Simon Vaughan, simonvaughanljósmyndari.com



Gleðileg jól



Vegagerðin

GÖNGUGREINING.is
Lágmúla 4 • Sími 481 1000 • www.göngugreining.is

✓ Smur- og hjólbarðapjónusta
✓ Alhliða bílaviðgerðir og viðhald

SMURPJÓNUSTA
- SAMNINGAR
VIÐ ÖLL HELSTU
BÍLAUMBOD

**Smurstöðin
KLÖPP**
Við Vegmúla • Sími 553 0440
Opð mánudaga - fimmtudaga 8-18
föstudaga 8-16

EIGNAumsjón

**Amma mús
handavinnuhúsið**
Fákafen 9 108 Rvk S.585-8537 ammamus.is
Opð mán.-fös: 10:00-18:30 Sat: 10:00-18:00 Sun: 11:00-17:00

**maria nila
STOCKHOLM**

**Hársnyrtistofa
DÓRA**
Hárgreiðslu- og rakarastofa
Langholtið 128 • Sími 568 5775

**ÖKU
SKÓLINN
Í MJÓDD**
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

Tímappantanir fyrir herra- og dömuklippingar eru óþarfar!

**greiðan
HÁRSNYRTISTOFA**
Greiðan Hársnyrtistofa • Háaleitisbraut 58-60 • Sími 581 3090

Fótadgerðastofan
Hæðargarði 31 Furugerði 1 • sími 588 2232

**BÍLARÉTTINGAR
SÆVAR**
Skútuvogi 4 • 104 Reykjavík • Sími 528 8888 • bilarettingar.is


HEYRN
Hlíðasmára 19, 2. hæð • 201 Kópavogur • Sími 5349600 • heyrn.is




Bilakompaní
Skútuvogi 4 • 104 Reykjavík • Sími 515 5115

KFC

**GRETTIR
VATNSKASSAR**
Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 6090

Lóa

	krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	málm	átti	röð	vestur		ílát	2 eins	egnt	3 eins	
	→					3					
	útbýggingu					áreittu fuglinn					tötrana
Telning: Hallór Andri eftirprentun bónnuð.	↓	feiti			botnfall batnar			tíu			
hljóðfæri		5		lína				4	spanderi	lengd	
líkamshluti		glundur	bæn kama					und			
spræna				vatnsfallið 49			spil	áköf			
karldýrin						kyrröina		7			
		númer ýtir				spendýrið	talfærið		konunafn		3 eins
grátur			aur	spendýr karldýr							
stranda- glópur			hrekur ánægju			spilið			mjöl		strand- staður
gorta						eftir		pirraða			
mannsnafn						hækkun			storka		rista
	telgir	rúmrusk	morkin mannsnafn	1				ógna			
nöldra				fíklar	2 eins ym		husla		klukka spilin		
rambaldur			hásæti				litast gjamm				
2 eins			fugl svarta			sef ófullgerð				ummerki	
ópétt				2		stóra			frá flutti		
					forað		plötu- spilarar				
vankar		6				ákærir					



- Lausnarorð: **S Í M A M Æ R**
- Gjafakort frá Íslandsapóteki Laugaveg 53b Sigrún Erlendsdóttir
 - Gjafakort frá Dímmlim Laugavegi 53b Nina Kolbrún Gylfadóttir
 - Stafróf knattsynnunar frá Hólum Bryndís Aðalsteinsdóttir
 - Sögur fyrir 4 ára frá Óðinsauga Ingibjörg Halldórsdóttir
 - Emma og rennireiðin frá Óðinsauga Guðný Daniélsdóttir
 - Klökkna Klatatár frá Ugla Gerður G. Bjarklind
 - Undirheimar frá Tindi Helga Hansdóttir
 - Abba frá Ugla Sigríður Eyjólfsdóttir
 - Til Taks frá Hólum Guðmundur Guðbrandsson
 - Sveindís Jane Erna Franklin
 - Ískúlar frá Skúbb Laugarásvegi 1 Lára Axelsdóttir
 - Happaprenna HHI Teodóra Aldís Sigurðardóttir

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

VERÐLAUNAKROSSGÁTA

- verðlaun Tónar útlaganna, bók, útgefandi HÍB
- verðlaun Útkall í ofsa brimi, bók, útgefandi Útkall
- verðlaun Svartir kettir fullt tungl og rauðhærðar konur, bók, útgefandi Hólar
- verðlaun Ókei, bók, útgefandi Hólar
- verðlaun Hvers vegna karlmenn geta aðeins gert eitt í einu og komu þagna aldrei, bók, útgefandi Hólar
- verðlaun Leiðin í Hundana, bók, útgefandi Ugla
- verðlaun Paddington, bók, útgefandi Ugla
- verðlaun Múmínsnáðinn, bók, útgefandi Ugla
- verðlaun Dýrabær Animal farm, bók, útgefandi Óðinsauga
- verðlaun Nammitrölllið, bók, útgefandi Óðinsauga
- verðlaun Bíomiðar í Laugarásbíó
- verðlaun Ískúlar frá Skúbb
- verðlaun Happaprenna frá HHI

Lausnir sendist til: Með oddi og egg, Laugardalur, Háaleiti & Bústaðir Sundlaugavegi 7, 105 Reykjavík



Dregið verður úr réttum lausnum 12. janúar

Nafn:

Heimili:

Kennitala:

Símanúmer:

TÓNAR ÚTLAGANNA

Höfundur: Árni Heimir Ingólfsson

Einstakt verk um einstaka listamenn, sem lögðu öðrum fremur grunninn að því tónlistarlífi sem við njótum í dag á Íslandi. Ástríða höfundar fyrir viðfangsefninu er áþreifanleg, sem mikil og metnaðarfull heimildavinna ber vitni um. Verk sem á stöðugt erindi við okkur sem menningarþjóð og um leið áminning um mikilvægi og ávinning þess að taka vel á móti fólki sem þarf á aðstoð að halda.


Dómnefnd Íslensku bókmenntaverðlaunanna

HÍB Íslenska bókmenntafélag

Hagatorgi

hib@hib.is

s: 588 90 60



Nýr samningur við Borgarleikhúsið

Gengið hefur verið frá samningi Leikfélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar. Nær samningurinn til reksturs Borgarleikhússins til næstu þriggja ára. Einar Þorsteinsson borgarstjóri og Eggert Benedikt Guðmundsson, formaður stjórnar Leikfélags Reykjavíkur, undirrituðu samninginn ásamt Brynhildi Guðjónsdóttur, leikhússtjóra Borgarleikhússins. Samningurinn gildir frá fyrsta janúar 2025 til og með 31. desember 2027. Einar Þorsteinsson borgarstjóri sagði við það tækifæri að Borgarleikhúsið léki lykilhlutverk í menningarlífi borgarbúa og landsmanna allra. „Við erum stolt og þakklát fyrir samstarfið við Leikfélag Reykjavíkur sem hefur starfað óslitið í borginni frá árinu 1897,“ sagði borgarstjóri við það tækifæri.



Steinþór Einarsson, starfandi sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkur, Eggert Benedikt Guðmundsson, formaður stjórnar Leikfélags Reykjavíkur, Brynhildur Guðjónsdóttir, leikhússtjóri Borgarleikhússins og Einar Þorsteinsson borgarstjóri.

Máttur leikhússins mikill

Brynhildur Guðjónsdóttir, leikhússtjóri segir að framlag Reykjavíkurborgar tryggir rekstrargrundvöll Borgarleikhússins sem hefur á síðustu árum sannað að það er fyrsta flokks sviðslistastofnun sem laðar til sín fjölda áhorfenda á viðum aldri og með fjölbreyttan bakgrunn. „Máttur leikhússins er mikill og þegar best lætur nær það augum

og eyrum fjölda fólks, vekur hughrif og veitir ánægju. Það er okkur dýrmætt að Reykjavíkurborg skuli líta á leikhúsið sitt sem öflugan og mikilvægan þátt í menningarlífi borgarbúa. Við erum ævinlega þakklát fyrir stuðningin og hlökkum til að gera enn betur í framtíðinni. Takk, Reykjavík,“ sagði Brynhildur.

Markmið samningsins er að í Reykjavík sé rekið fjölbreytt og metnaðarfullt leikhús þar sem sköpuð er og sýnd leiklist í hæsta gæðaflokki. Þar er jafnframt tekið fram að Borgarleikhúsið sé lífandi vettvangur nýsköpunar og kynningar á íslenski leiklist þar sem erlendri klassík og samtímaleiklist sé einnig gerð góð skil, að samfella og framþróun sé tryggð í öflugu leiklistarstarfi, að listuppléð barna og ungmenna sé sinnt sérstaklega og að starfsemi Borgarleikhússins höfði til borgarbúa og geri þeim kleift að njóta fjölbreyttra sviðslista.



Jóladagskrá Árbæjarsafns

Bráðum koma blessuð jólin er yfirskrift jóladagskrár Árbæjarsafns sunnudagana 8. og 15. desember en þá daga gefst gestum tækifæri að njóta adventunnar og upplifa jólin eins og þau voru í Reykjavík í þá gömlu góðu daga.

Jólaundirbúningur er í fullum gangi í bænum. Í Árbæ sker fólk út laufabrauð, kembir ull og spinnur garn. Í Háabæ bjóða húsbændur gestum að smakka íslenskt hangikjöt og í Nýlendu tálgar maður skemmtilegar figúrur úr tré. Kæsta skatan er komin í pottinn í Efstabæ og í Miðhúsum eru prentuð falleg jólakort. Kaffiilmur berst frá Dillonshúsi en þar er upplagt að setjast niður fá sér tíu dropa og smá bakkelsi með.

Í hesthúsinu í Garðastræti eru hjúin í óðaönn að steypa kerti úr tölgi. Jólahald heldra fólks við upphaf 20. aldar er sýnt í Suðurgötu 7 og í Krambúðinni er kramarhús, konfekt og ýmiskonar jólavarningur til sölu.

Helstu viðburðir:

14:00 Guðspjónusta í safnkirkjunni
15:00 Sungið og dansað í kringum jóla-tréð á torgi safnsins
14:00-16:00 Jólaveinar skemmta gestum á víð og dreif um safnsvæðið og taka þátt í söng og dansi.

Frítt inn fyrir börn, öryrkja og menningarkortshafa. Aðrir greiða 2.350 kr.

Vinsamlegast athugið að dagskráin endar kl. 16 en safnið er opið til kl. 17.

Nokkrir góðir fimm aurar

FIMM AURAR

Út var að koma bráðsmellin bók, FIMM AURAR, sem vafalítið léttir lundina og verður nú gripið niður í bókina:

Hvert fer Sherlock Holmes í berjamó? Á Holmes-heiði.

Ég fór í berjamó um daginn og ætlaði að tína aðalbláber, en þau voru hvergi sjáanleg svo að ég fíndi bara varabláber í staðinn.

Í BYKO:
„Ég ætla að fá hjá þér þingmannanagla.“
„Þingmannanagla! Ég hef aldrei heyrt um þá. Hvernig líta þeir út?“
„Æ, það eru þessir hauslausu.“



Hvers konar mjöl er notað í djöflatertu? - Fjandakorn.



KRINGLUMYRI FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ

FAGMENNSKA – VELLÍÐAN – FJÖLBREYTTILEIKI



KRAKKAKOT
FRÍSTUNDAHEIMILI
KRINGLUMYRI - FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ



PRÓTTHEIMAR
FÉLAGSMIÐSTÖÐ
KRINGLUMYRI - FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ



GLÆÐHEIMAR
FRÍSTUNDAHEIMILI
KRINGLUMYRI - FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ



ÁLFTABÆR
FRÍSTUNDAHEIMILI
KRINGLUMYRI - FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ



LAUGARSEL
FRÍSTUNDAHEIMILI
KRINGLUMYRI - FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ



TÓNABÆR
FÉLAGSMIÐSTÖÐ
KRINGLUMYRI - FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ



LAUGÓ
FÉLAGSMIÐSTÖÐ
KRINGLUMYRI - FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ



NÆSTALAND
FRÍSTUNDAHEIMILI
KRINGLUMYRI - FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ



BUSKINN
FÉLAGSMIÐSTÖÐ
KRINGLUMYRI - FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ



HOFIÐ
FÉLAGSMIÐSTÖÐ
KRINGLUMYRI - FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ



SÓLBÚAR
FRÍSTUNDAHEIMILI
KRINGLUMYRI - FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ



VOGASEL
FRÍSTUNDAHEIMILI
KRINGLUMYRI - FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ



ASKJA
FÉLAGSMIÐSTÖÐ
KRINGLUMYRI - FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ



DALHEIMAR
FRÍSTUNDAHEIMILI
KRINGLUMYRI - FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ



BÚSTAÐIR
FÉLAGSMIÐSTÖÐ
KRINGLUMYRI - FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ



GULAHLÍÐ
FRÍSTUNDAHEIMILI
KRINGLUMYRI - FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ

Starfsfólk Kringlumýrar óskar þér og þínum gleðilegra jóla og þakkar fyrir góðar stundir á árinu sem er að líða.

ÞYRLAN EINA VONIN



Bardinn á strandstað

Út er komin hjá Bókaútgáfunni Hólum bókin Til taks – Þyrlusaga Landhelgisgæslu Íslands fyrstu 40 árin. Í bókinni er, eins og nafn hennar gefur til kynna, rakín saga þyrlusveitar Landhelgisgæslu Íslands fyrstu fjóra áratugina. Sagt er frá baráttunni fyrir því að fá björgunarþyrlu til landsins, en þær hafa verið nokkrar í gegnum tíðina og æði misjafnar, viðamestu verkefnum þyrlanna og svíplegum atburðum í rekstri þeirra. Tveir af höfundum bókarinnar, þeir Páll Halldórsson og Benóný Ásgrímsson, eru reyndustu þyrluflugmenn okkar og

hafa þeir, ásamt fleirum auðvitað, komið mörgum til bjargar. Þriðji í hópi höfunda er Júlíus Ó. Einarsson, þjóðfræðingur og fyrrum lögreglu- maður.

Fjöldmargar myndir prýða bókina, sem ætti að höfða til allra landsmanna, enda koma þyrlur Landhelgisgæslunnar nánast við sögu á hverjum degi og þar leggja menn sig í líma við að bjarga lífi þeirra sem staddir eru í hættu.

Hér á eftir fer lítilsháttar efni úr

bókinni og er gripið niður í frásögn Sigurðar Snæfells Sigurðssonar, fyrrverandi formanns Björgunarsveitarinnar Bjargar á Hellissandi:

Snemma morguns þann 14. mars 1987 fengum við fregnir um að fiskibáturinn Bardinn GK-475 væri vélarvana í nauðum við Hólahóla á Snæfellsnesi. Björgunarsveitir voru ræstar út frá Hellnum, Arnarstapa, Ólafsvík og Hellissandi, og héldum við út á nesið. Áhafnir nærstaddra báta brugðust við og dældu út olíu til að róa brotin en svo fór að Bardinn

kom inn í öldurótið og barst inn að klettunum þar sem hann skorðaðist fastur.

Brim var mikið er við komum á strandstað en fyrir sjónum okkar blasti við toppurinn af mastrinu. Í byrjun var reynt að hafa samband við áhöfnina en án árangurs. Leitað var strax við klettana að skipverjum og þurftum við að passa okkur að fá ekki brak úr bátunum yfir okkur en sjógangurinn var svo mikill að það kastaðist hátt upp í loftið og féll allt í kringum okkur. Fluglínutækið var komið upp og gert klárt til að freista þess að bjarga áhöfninni.

Björgunarþyrla Landhelgisgæslunnar kom svo á vettvang og var það eina vonin á þessari stundu um að bjarga mætti áhöfninni. Þyrlan byrjaði að hífa áhöfnina frá borði. Hún þurfti að lenda og losa sig við fyrstu mennina áður en hinir voru sóttir sem eftir voru um borð. Þar tók björgunarsveitin á móti mönnum og hlúði að þeim. Aðstæður voru slæmar á strandstað meðan á björguninni stóð og þurfti að vera vel á verði því brotsjórinn gekk yfir klettana og bátinn.

Í kringum hádegi fjaraði og sjógangurinn varð minni, og var þá fært að fara um borð í Bardann. Við fórum tveir um borð, báturinn hallaðist á stjórnbörða og fór ég aftur í stýrishúsið eftir bakborðssiðu hans, og varð ég að hafa mig allan við svo ég missti ekki jafnvægið. Á dekkinu voru netadræsur og brak sem ekki hefði verið gæfulegt að lenda í. Ástandið inni í stýrishúsinu var skelfilegt, þar sem brotsjórinn hafði hrífsað stóran hluta af tækjum og

búnaði með sér og var það hreinlega horfið. Það var ströng áminning um að ekki má vanmeta kraftinn í Ægi, konungi sjávar. Inni í kortaklefanum mátti greinilega sjá ummerki eftir sjóinn. Eftir smá yfirferð fann ég bara eitt armbandsúr sem hékk uppi á vegg og var það hið eina sem hægt var að bjarga af persónulegum eignum áhafnarinnar. Það var ánægjulegt að geta skilað því í réttar hendur. Er ekki neinn vafi á því að kortaklefinn bjargaði áhöfninni, því ekki hefði verið möguleiki að hafast við í stýrishúsinu. Ekki var gerð tilraun til að fara um vistarverur undir dekki þar sem sjór var um allt.

Tel ég það mikla gæfu að Bardinn skorðaðist þannig að hann fór aldrei yfir á bakborða, þrátt fyrir gríðarlegan sjógang sem dundi á honum linnulaust á meðan þyrluáhöfnin sinnti hinni frækilegu björgun. Eftir tíu daga var farið í eftirlit á strandstað. Þá var nánast ekkert eftir af bátunum.



REYKJAVÍKURBÓN

FIMM STJÖRNU EINKUNN



SÍÐUMÚLA 37 • 108 REYKJAVÍK

SÍMI 782 3330

reykjavikurbonstodin@gmail.com



Lyfjaval óskar landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári Kynntu þér opnunartíma yfir jól og áramót á lyfjaval.is

Þín
Jólaborg

Þín upplifun

- ✦ 274 verslanir
- ✦ 287 veitingastaðir
- ✦ 292 önnurþjónusta
- ✦ 35 List og menning

www.midborgin.is

MIDBORGIN

Pantaðu jólamatinn í tíma


og minnkaðu stressið í desember

Pantanir á kjotbudin.is

- Nautalund Wellington • Nautalund Wellington með Serrano-skinku og trufflu-marineringu
- Fyllt lambalæri og hryggur að uppskrift Læknisins í Eldhúsinu • Ferskur íslenskur heill kalkúnn
- Íslenskar ungnautalundir • Smjörhangið nauta Rib-eye • Íslenskir hreindýravöðvar
- Fylltar kalkúnabringur • Kalkúnaskip smjörfyllt og salvíu-kryddað
- Hreindýra-, gæsa- og jólapaté.



Skannaðu
kóðann og
pantaðu



KJÖTBÚÐIN

www.kjotbudin.is

Sími 571 5511 | Grensásvegur 48, 108 Reykjavík | Sunnukriki 2, 270 Mosfellsbær



GÖNGUGREINING

Finnur þú fyrir verkjum í stoðkerfinu?

- Reynslumesta starfsfólkið
- Notum besta búnað sem völ er á
- Tæknileg innlegg fyrir alla skó

Tímabókanir í síma 481-1000
eða kíktu á
www.gongugreining.is



Kíktu til okkar í Lágmúla 4

Laugardalur, Háaleiti & Bústaðir

Auglýsingasími 568 8862



Áramót Þróttar á gamlársgang opíð fyrir alla fjölskylduna

Hið árlega Áramót Oldboys Þróttar fer að vanda fram á gamlársgang, þriðjudaginn 31. desember. Spíluð verður knattspyrna frá kl. 10-12 í þremur aðskildum flokkum þennan dag, foreldrar og ungir iðkendur saman í liðum, árgangariðill og svo sér dómudeild. Mótið er opíð öllu áhugasömum, en auðvitað er einkum horft á Laugardal og nágrenni sem Þróttarar kalla gjarnan Hjartað í Reykjavík. Mótið er þátttakendum að kostnaðarlausu og að sögn mótshaldara verður flugelda- og veitingasala Þróttar opin á meðan mótinu stendur.

SKRÁNING ER HAFIN

Nú þegar hafa tugir þátttakenda skráð sig til leiks og mótshaldarar búast við að yfir 100 manns mæti til leiks. Sérstök ástæða er til að hvetja áhugasamar konur til að láta vita af sér og að leikmenn í einstökum

árgöngum Þróttar í hverfinu hói í hvorn annan og setji saman lið. Upplýsingar um skráningu má finna á heimasíðu félagsins og fésbókarsíðu Köttara.

20 ÞÚSUND MANNA FÉLAGSSVÆÐI

„Mótið okkar í Þrótti hafa tilhneigingu til að vaxa í vinsældum eftir því sem fjölgar í félaginu og félagsvæðið stækkar, en það telur nú um 20 þúsund manns og okkur veitir hreinlega ekki af þessum sex keppnisvöllum sem Þróttur hefur yfir að ráða,“ segir Stefán Hrafn Hagalín, viðburðarstjóri Oldboys, aðspurður. „Áramótið er skemmtileg uppskeruhátið í lok árs þegar allt horfir til hjartari vegar með hækandi sól og við Guðberg Konráð Jónsson, guðfaðir Oldboys, höfum gjarnan myndað þar nokkuð keppnishæft lið með

sonum okkar, sem hafa flestir spilað upp alla flokka í meistaraflökka Þróttar og SR.“

FRÁBÆRT FJÖLSKYLDUMÓT

„Við höfum undanfarin ár verið með Áramótið tvískip í árganga og foreldra og iðkenda, en bætum nú dómudeildinni við í anda fjölbreytni og inngildingar. Tímasetning Áramótsins er einstök og æðislegt að hefja annasaman dag með smávægis boltasparki. Ég hef mætt með guttana mína í mörg ár á þetta frábæra fjölskyldumót, en þeir Baldur og Stefán spila í dag báðir með meistaraflökki Þróttar við ágætis orðstír. Það er virkilega gaman að ljúka annasömu knattspyrnuári á þessum nótum í fallvegum anda í góðum og gefandi félagskap,“ bætir Stefán Mikaelsson við, en hann mun vera markahæsti leikmaður Oldboys 50+ undanfarin ár.

Komið á skauta!

SKAUTA
HÖLLIN
LAUGARDAL

Jólatréð er komið á svellið!
The Christmas tree is on the ice!

21.des. kl. 13:00 -18:00
22.des. kl. 13:00-18:00
23.des. kl. 12:00-16:00

24.des. Lokað/Closed.
25.des. Lokað/Closed.

26.des. kl. 13:00-18:00
27.des. kl. 13:00-18:00
28.des. kl. 13:00-18:00


29.des. kl. 13:00 -18:00
30.des. kl. 13:00-18:00
31.des. kl. 11:00-15:00

1.jan. Lokað / Closed.

2.jan. kl. 13:00-18:00
3.jan. kl. 13:00-18:00
4.jan. kl. 13:00-17:00
5.jan. kl. 13:00-17:00

“Ekki er nauðsynlegt að bóka tíma fyrirfram”

SKAUTAHOLL.IS



**Gleðileg jól
og farsælt
komandi ár**

2024

Við hjá Landsvirkjun sendum landsmönnum öllum hlýjar jólakveðjur, með ósk um orkuríkt komandi ár.



Dimmalimm

LAUGAVEGUR 53B

Full búð
af nýjum vörum

dimmalimmreykjavik.is